

173

9. des. Sjóðurinn tekur til starfa, þegar næst verður haldin handavinnusýning á vegum kvenfélagsins. Jafnan skal haga verðlaunaveitingum þannig, að höfuðstóll sjóðsins skerðist ekki, heldur vaxi nokkuð. Af fé sjóðsins má kosta bækur og ritföng og greiða þóknun fyrir reikningshald og starf gjaldkera.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, bóka umsóknir um styrki, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórninni ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins. Henni ber og að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önnur skilríki á tryggum stað.

7. gr.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ber gjaldkera að semja reikning yfir tekjur hans og gjöld fyrir janúarlök árlega. Reikninginn skal endurskoða með reikningum kvenfélagsins.

9. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Súgfirðinga, í verðbréfum eða á annan tryggan hátt.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, þegar hún hefur fengið staðfestingu.

11. gr.

Leita skal staðfestingar lýðveldisforseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Suðureyri í Súgandafirði, 30. október 1948.

Valdimar Þorvaldsson. Guðm. Þorvaldsson. Kr. G. Þorvaldsson.

174

9. des. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigfúsar Jónssonar og Önnu S. Björnsdóttur, frá Grund í Svarfaðardal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. desember 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigfúsar Jónssonar og Önnu S. Björnsdóttur
frá Grund í Svarfaðardal.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1948 af Snorra Sigfússyni, skólastjóra, Akureyri, og Halldóri Sigfússyni, Dalvík, með 2000 — tvö þúsund — krónum.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að prýða Tjarnarkirkjugarð með blóma- og trjágróðri. Þó má nota féð við og við á annan hátt, ef forráðamönnum sýnist svo, þó því aðeins, að slíkt stuðli að fegrun garðsins.

3. gr.

Sjóð þennan má aldrei skerða og skal jafnan leggja við hann $\frac{1}{4}$ hluta ársvaxtanna. Veita má viðtöku fé frá ættmennum og afkomendum tédra hjóna og leggst það við höfuðstólinn, en vöxtum varið á þann hátt, sem fyrr segir. Skulu allar gjafir færðar í sérstaka bók, er sjóðurinn á. Geta skal nafns gefandans og í hvers minningu gefið sé.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggum stað, og hefur sóknarnefndin umsjón með honum og reikningshald. Hún ákveður einnig hvenær hann tekur til starfa, að framangreindu markmiði. Jafnan skal bóndinn að Tjörn hafður með í ráðum um allt, er sjóðinn varðar.

5. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 1. júní 1948.

Snorri Sigfússon. Halldór Sigfússon.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Raflýsingarsjóð Kolbeinsstaða- 175 kirkju“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. des. 1948. 10. des. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Raflýsingarsjóð Kolbeinsstaðakirkju í Snæfellsprófastsdæmi.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Raflýsingarsjóður Kolbeinsstaðakirkju, og er sjóðurinn stofnaður með eitt þúsund króna gjöf hjónanna Guðnýjar Guðnadóttur og Kristjáns Eggertssonar, í tilefni af fimmtíu ára hjúskaparafmæli þeirra, 15. september 1946.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða á annan tryggan hátt.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

- a. Svo fljótt sem fjárhagur sjóðsins leyfir skal raflýsa Kolbeinsstaðakirkju á fullkominn hátt, með straumi frá orkuveri eða með mótoraflí. Til greiðslu þess kostnaðar, sem leiðir af raflýsingu kirkjunnar, má, svo sem þörf krefur, eyða af höfuðstól sjóðsins allt niður að 500 — fimm hundruð — krónum, en þá fjárhæð má aldrei skerða.

Þegar lokið er við að raflýsa kirkjuna, er það aðalhlutverk sjóðsins að viðhalda ljósatækjum hennar og öðru því, er hana og umhverfi hennar má prýða.

- b. Árlega skal, ef fjárhagur leyfir, veita verðlaun úr sjóðnum, fyrstu og önnur verðlaun, til þeirra fullnaðarprófsbarna Kolbeinsstaðaskólahéraðs, sem á því ári hafa hlotið hæstu aðaleinkunn í eftirtöldum námsgreinum: Kristnum fræðum, íslenzku, sögu, iðni, hegðun og stundvisi. Stjórn sjóðsins ákveður upphæð verðlauna í hvert skipti, og veitir þau.